

Reykjavík,
20. ágúst 2024

TILLAGA

um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Félagstofnun stúdenta selji níkótínþúða í Hámu

Stúdentaráð lýsir yfir vilja til þess að leyfa Félagstofnun stúdenta (FS) að selja níkótínþúða á útsölustöðum Hámu.

RÖKSTUÐNINGUR

Vitað er að margir stúdentar njóta þess að neyta níkótínþúða samhliða námi. Stúdentar við HÍ eiga það allir sameiginlegt að vera fullorðið fólk og eru flest allir fullfærir um að taka sjálfstæðar ákvarðanir um sínar neysluvenjur. Níkótínþúðar hafa nú um nokkuð skeið verið til sölu á Stúdentakjallaranum. Við í Vöku höfum fundið fyrir ákalli frá samnemendum okkar um að fá að kaupa níkótínþúða líka á efri hæð Háskólators sem og að mismuna ekki stúdentum eftir byggingum þegar kemur að sölu þessara vara. Þar að auki eru flestir stúdentaráðsliðar kunnugir þeim rekstrarörðuleikum sem Háma hefur glímt við undanfarin ár.

Því viljum við slá tvær flugur í einu höggi, gera stúdentum kleift að kaupa níkótínþúða án þess að þurfa að gera sér ferð út fyrir háskólasvæðið eða á milli bygginga, sem og að bjóða Hámu upp á nýjan möguleika til tekjuöflunar til að stemma stigum við þá erfiðu rekstrarstöðu sem myndast hefur. Teljum við að samþykkt þessarar tillögu myndi vekja mikla lukku meðal stúdenta.

Tinna Eyvindar
Stúdentaráðsliði fyrir Vöku og forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs